

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2020

Efni: Umsögn um frumvarp um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum – 711. mál.

Í umsögnum Bandalags háskólamanna um fjárlög, fjármálastefnur og fjármálaáætlanir undanfarinna ára hefur ítrekað verið bent á mikilvægi þess að stórefla fjárfestingu í nýsköpun og að stjórnvöld. Ekki síður þurfa stjórnvöld að móta sér langtímastefnu í þessum efnum.

Frumvarp þetta felur í sér að komið verður á fót nýjum sjóði í eigu ríkisins, Krú – sprota- og nýsköpunarsjóði, sem hefur það hlutverk að taka þátt í stofnun sérhæfðra sjóða sem hafa þann tilgang að fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, svokölluðum vísisjóðum (e. venture capital funds), og stuðla þannig að uppbyggingu, vexti og aukinni samkeppnishæfni atvinnulífsins með því að til verði heilbriggt umhverfi áhættufjármagns til fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum hér á landi.

BHM fagnar þessu skrefi og leggur til að frumvarpið verði afgreitt.

Virðingarfyllst,



Georg Brynjarsson,

hagfræðingur BHM